



2020

# SKÝRSLA

FJÁRMÁAEFTIRLITSNEFNDAR TIL ALÞINGIS



# SKÝRSLA

FJÁRMÁLAEFTIRLITSNEFNDAR TIL ALÞINGIS 2020

20. apríl 2021

# Ítarefni

## Með þessari skýrslu fylgir eftirfarandi ítarefni

Starfsreglur fjármálaeftirlitsnefndar frá 6. október 2020	7
Yfirlýsingar fjármálaeftirlitsnefndar 2020	14

# Skýrsla fjármálaeftirlitsnefndar Seðlabanka Íslands til Alþingis 2020

Ný heildarlög nr. 92/2019, um Seðlabanka Íslands, tóku gildi 1. janúar 2020. Með þeim fluttust öll verk-efni Fjármálaeftirlitsins til Seðlabankans. Í lögnum er ákveðið að fjármálaeftirlitsnefnd skuli taka ákvarðanir sem faldar eru Fjármálaeftirlitinu samkvæmt lögum og stjórnvaldsfyrirmælum. Nefndin getur framselt til varaseðlabankastjóra fjármálaeftirlits vald sitt til tóku ákvarðana sem ekki teljast meiri háttar og er slíkt framsal útfært nánar í starfsreglum nefndarinnar. Í þessari skýrslu er gerð grein fyrir störfum fjármálaeftirlitsnefndar á árinu 2020. Skýrslan er tekin saman og skilað til Alþingis í samræmi við 3. mgr. 16. gr. laga um Seðlabankann.

Seðlabankastjóri og varaseðlabankastjóri fjármálaeftirlits gegna báðir formennsku í nefndinni en við mismunandi kringumstæður eins og greint er í lögnum um bankann. Seðlabankastjóri tekur sæti í nefndinni og er formaður hennar þegar teknar eru ákvarðanir um setningu starfsreglna nefndarinnar, framsal valds til varaseðlabankastjóra fjármálaeftirlits sem og ákvarðanir sem varða eigið fé, laust fé og fjármögnun kerfislega mikilvægra fjármálafyrirtækja og er þá varaseðlabankastjóri fjármálaeftirlits staðgengill hans.

Í tilvikum annarra ákvarðana nefndarinnar er varaseðlabankastjóri fjármálaeftirlits formaður hennar og varaseðlabankastjóri fjármálastöðugleika staðgengill hans. Að auki eiga sæti í nefndinni þrír utanaðkomandi sérfræðingar í málefnum fjármálamarkaðar sem ráðherra sem fer með málefni fjármálamarkaðar skipar til fimm ára í senn.

Fjármálaeftirlitsnefnd er nú skipuð Ásgeiri Jónssyni, seðlabankastjóra, Unni Gunnarsdóttur, varaseðlabankastjóra fjármálaeftirlits, Gunnari Jakobssyni, vara-

seðlabankastjóra fjármálastöðugleika, Andra Fannari Bergþórssyni, lektor við Háskólann í Reykjavík, Ástu Þórarinsdóttur, hagfræðingi og Guðrúnu Þorleifsdóttur, skrifstofustjóra í fjármála- og efnahagsráðuneytinu.

Á árinu 2020 hélt fjármálaeftirlitsnefnd tíu fundi. Þá tók nefndin einnig til meðferðar níu mál utan funda.

Með sameiningu stofnanna tveggja var m.a. stefnt að því að efla traust og tryggja skilvirkni við framkvæmd þjóðhagsvarúðar og fjármálaeftirlits. Með sameiningu Seðlabankans og heildstæðs fjármálaeftirlits var talið að best yrði náð fram þeim kostum sem fylgja nánd fjármálaeftirlits, fjármálastöðugleika og peningastefnu. Tryggt yrði gott upplýsingaflæði innan stofnunarinnar og samlegð í nýtingu gagna sem leiða myndi til aukinnar skilvirkni og fleiri tækifæra við greiningu. Yfirsýn vegna kerfisáhættu ætti því að vera bætt. Mikilvægt væri að fyrirkomulag ákvarðanaferlis aðskilinna verkefna sameinaðrar stofnunar yrði gagnsætt og fastmótað og meiri háttar ákvarðanir yrðu í fjölskipuðum nefndum með aðkomu utanaðkomandi aðila. Mikil vinna var á liðnu ári lögð í að tryggja að þessum markmiðum yrði náð, m.a. með skipulagsbreytingum innan sameinaðs Seðlabanka, samþættingu, upplýsingamiðlun og vinnu þvert á bankann. Þessi vinna hefur gengið vel.

COVID-19-faraldurinn og aðgerðir honum tengdar settu mark sitt á eftirlit með starfsemi eftirlitsskyldra aðila og störf fjármálaeftirlitsnefndar á árinu 2020. Nefndin samþykkti og gaf út tvær yfirlýsingar á árinu, samanber nánari lýsingu hér á eftir, og fylgdist grannt með þróun lykilstærða og stöðu fjármálakerfisins vegna hugsanlegra áhrifa faraldursins.

Árlega fer fram ítarlegt könnunar- og matsferli (e. *Supervisory Review and Evaluation Process, SREP*) hjá kerfislega mikilvægum bönkum og er það nú unnið af Seðlabanka Íslands. Ferlið felur m.a. í sér að ákvörðun er tekin um fjárhæð og samsetningu þess viðbótareiginfjár (stoð II-R) sem nauðsynlegt er að viðkomandi banki haldi vegna áhættu sem hann stendur frammi fyrir eða gæti staðið frammi fyrir, til viðbótar við lágmarkskröfur um eigið fé undir stoð I. Fjármálaeftirlitsnefnd tekur ákvörðun um viðbótareiginfjárkröfu. Könnunar- og matsferli fyrir kerfislega mikilvæga banka var hafið þegar COVID-19-faraldurinn barst til landsins á fyrsta ársfjórðungi. Vegna þeirrar óvissu sem þá hafði skapast ákvað fjármálaeftirlitsnefnd í apríl að fresta ákvörðun um viðbótareiginfjárkröfu kerfislega mikilvægra banka, samanber yfirlýsingu nefndarinnar frá 8. apríl 2020. Í september ákvað nefndin að niðurstaða könnunar- og matsferlis árið 2019 um viðbótareiginfjárkröfu skyldi standa óbreytt, samanber yfirlýsingu nefndarinnar frá 22. september 2020. Viðbótareiginfjárfrafan verður því ekki endurskoðuð fyrr en á árinu 2021. Þá var jafnframt ákveðið af sömu ástæðu að ekki yrði framkvæmt hefðbundið álagspróf. Eiginfjárkröfur kerfislega mikilvægra banka breyttust því ekki frá fyrra ári utan þess að sveiflujöfnunarauka, sem áður var 2% á kerfislega mikilvæga banka, var aflétt í mars 2020 með ákvörðun fjármála-stöðugleikanefndar Seðlabankans. Við árslok 2020 var eiginfjárgrunnur allra kerfislega mikilvægra banka nokkuð umfram eiginfjárkröfu Seðlabankans. Grannt er fylgst með gæðum útlána banka og öðrum áhættuþáttum í rekstri fjármálfyrirtækja og annarra eftirlitsskyldra aðila sem orðið hafa fyrir áhrifum af COVID-19-faraldurinum og sóttvarnaaðgerðum til að hefta útbreiðslu hans.

Á öðrum sviðum fjármálaeftirlits, svo sem á váttryggingamarkaði, í lífeyrissjóðum og á verðbréfa-markaði, settu áhrif COVID-19-faraldursins einnig mark sitt á starfsemi. Fylgst var náið með framvindu í starfsemi á váttryggingamarkaði á árinu í tengslum við áhrif COVID-19-faraldursins. Vegna óvissu um áhrif bæði til skemmri og lengri tíma hvatti fjármálaeftirlitsnefnd, með yfirlýsingu dags. 8. apríl 2020, váttryggingafélög til þess að grípa til viðeigandi ráðstafana til að styrkja viðnámsþrótt sinn. Gagnvart lífeyrissjóðum var ráðist í sértæka mánaðarlega gagnasöfnun vegna COVID-19-faraldursins með áherslu á vanskil útlána og útgreiðslu séreignarsparnaðar.

Á árinu lauk fjármálaeftirlitsnefnd þremur málum með álagningu fjársektar á aðila vegna brota á lögum, en sá fjöldi er í takti við meðalfjölda sektarmála hjá Fjármálaeftirlitinu hin síðustu ár. Álagðar fjársektir á árinu voru á bilinu 10.500.000 kr. til 87.700.000 kr. Nánari

grein er gerð fyrir þessum þremur málum í umfjöllun fyrir neðan. Þá tók nefndin ákvörðun um að birta ákvarðanir sínar um álagningu stjórnvaldssekta í heild sinni á vefsíðu Seðlabankans.

Ítarlegri umfjöllun um starfsemi fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands á liðnu ári má finna í nýju riti Seðlabankans, *Fjármálaeftirlit 2021*.

Í 4. og 5. gr. starfsreglna nefndarinnar er tilgreint hvaða ákvarðanir séu meiri háttar og teknar af nefndinni. Vald til að taka aðrar ákvarðanir hefur nefndin framselt til varaseðlabankastjóra fjármálaeftirlits.

Á árinu voru eftirtaldar ákvarðanir vegna mála, sem falla undir 4. gr. starfsreglnanna undir formennsku seðlabankastjóra, teknar af fjármálaeftirlitsnefnd:

- Setning starfsreglna fyrir nefndina, en núgildandi starfsreglur nefndarinnar, frá 6. október 2020, eru meðfylgjandi þessari skýrslu.
- Ákvarðanir vegna könnunar- og matsferlis viðskiptabankanna þriggja sem teljast kerfislega mikilvægir. Áður höfðu almenn viðmið og aðferðarfræði sem beitt er í ferlinu verið lögð fyrir nefndina og samþykkt. Þá samþykkti nefndin og birti tvær yfirlýsingar á árinu, þ.e. yfirlýsingu dags. 8. apríl 2020 um áherslu í fjármálaeftirliti á tímum kórónuveirufaraldurs, sem var birt samhliða birtingu yfirlýsinga fjármálastöðugleikanefndar og peningastefnunefndar, og yfirlýsingu dags. 22. september 2020 um mat á áhættuþáttum í starfsemi fjármálfyrirtækja. Yfirlýsingarnar sem birtar voru á vef Seðlabankans fylgja skýrslu þessari og er vísað til þess sem þar kemur fram.

Á árinu voru eftirtaldar ákvarðanir vegna mála, sem falla undir grein 5.1. í starfsreglunum undir formennsku varaseðlabankastjóra fjármálaeftirlits, teknar af nefndinni:

- Ákvörðun um að lögaðili fái aukið starfsleyfi sem váttryggingarfélag.
- Ákvörðun um að tveir einstaklingar og þrjú lögaðilar séu hæfir til að fara með virkan eignarhlut í lánafyrirtæki.
- Þrjú mál þar sem nefndin ákvað að leggja á stjórnvaldssekt samkvæmt heimild í sérlögum, en um er að ræða eftirfarandi ákvarðanir:
  1. Ákvörðun um að lögaðili hafi brotið gegn 57. gr. a. laga nr. 161/2002, um fjármálfyrirtæki, og reglum nr. 700/2011 og nr. 388/2016, um kaupaukakerfi fjármálfyrirtækja. Var lögaðilanum gert að greiða sekt að fjárhæð 10.500.000 kr. í ríkissjóð.

2. Ákvörðun um að lögaðili hafi brotið gegn 1. mgr. 122. gr. laga nr. 108/2007, um verðbréfavíðskipti, með því að hafa ekki birt innherjaupplýsingar eins fljótt og auðið var. Var lögaðilanum gert að greiða sekt að fjárhæð 87.700.000 kr. í ríkissjóð.
  3. Ákvörðun um að lögaðili hafi brotið gegn 1. og 2. mgr. 6. gr. laga nr. 30/2004, um váttryggingarsamninga, sbr. einnig 1. mgr. 32. gr. laga nr. 62/2019, um dreifingu váttrygginga, og 3. mgr. 140. gr. f laga nr. 30/2004. Var lögaðilanum gert að greiða sekt að fjárhæð 35.000.000 kr. í ríkissjóð og bæta úr tilgreindum atriðum innan ákveðinna tímamarka.
- Í tíu tilvikum samþykkti nefndin fyrir sitt leyti að gefin yrðu út opinberlega stjórnvaldsfyrirmæli (reglur) á fjármálamarkaði og í tveimur tilvikum að gefa út leiðbeinandi tilmæli.



# Starfsreglur fjármálaeftirlitsnefndar

---

## 1. gr. Almenn

- 1.1. Seðlabanki Íslands starfar á grundvelli laga nr. 92/2019 um Seðlabanka Íslands (hér eftir „sbl.“) og er markmið hans að stuðla að stöðugu verðlagi, fjármálastöðugleika og traustri og öruggri fjármálastarfsemi. Skal Seðlabanki Íslands sinna viðfangsefnum sem samrýmast hlutverki hans sem seðlabanka, svo sem að varðveita gjald eyrisforða og stuðla að virku og öruggu fjármálakerfi, þ.m.t. greiðslumiðlun í landinu og við útlönd.
- 1.2. Starfsreglur fjármálaeftirlitsnefndar eru settar með vísan til 2. mgr. 16. gr. sbl.
- 1.3. Í starfsreglum þessum er fjallað um helstu atriði varðandi hlutverk fjármálaeftirlitsnefndar, m.a. um framsal valds til varaseðlabankastjóra fjármálaeftirlits til töku ákvarðana sem teljast ekki meiri háttar ákvarðanir, um fundi nefndarinnar, hæfi nefndarmanna, undirbúning, rökstuðning og birtingu ákvarðana nefndarinnar o.fl.

## 2. gr. Hlutverk, skipan og verkefni fjármálaeftirlitsnefndar

- 2.1. Fjármálaeftirlitsnefnd starfar sem hluti af Seðlabanka Íslands og skal taka ákvarðanir sem faldar eru Fjármálaeftirlitinu samkvæmt lögum og stjórnvaldsfyrirmælum. Nefndin getur framselt til varaseðlabankastjóra fjármálaeftirlits vald sitt til töku ákvarðana sem ekki teljast meiri háttar, sbr. 1. mgr. 15. gr. sbl., eins og kveðið er á um í 5. gr. starfsreglna þessara.
- 2.2. Í fjármálaeftirlitsnefnd situr varaseðlabankastjóri fjármálaeftirlits, varaseðlabankastjóri fjármálastöðugleika og þrjú sérfræðingar í málefnum fjármálamarkaðar sem ráðherra sem fer með málefni fjármálamarkaðar skipar til fimm ára í senn.
- 2.3. Varaseðlabankastjóri fjármálaeftirlits er formaður fjármálaeftirlitsnefndar og er varaseðlabankastjóri fjármálastöðugleika staðgengill hans. Við töku ákvarðana um setningu starfsreglna skv. 2. mgr. 16. gr. sbl., ákvarðana um framsal valds til varaseðlabankastjóra fjármálaeftirlits til töku ákvarðana sem teljast ekki meiri háttar ákvarðanir sem og ákvarðana sem varða eigið fé, laust fé og fjármögnun kerfislega mikilvægra fjármálafyrirtækja tekur seðlabankastjóri sæti í fjármálaeftirlitsnefnd sem formaður nefndarinnar og er þá varaseðlabankastjóri fjármálaeftirlits staðgengill hans.

- 2.4. Varaseðlabankastjóri fjármálaeftirlits ber ábyrgð á málsmeðferð og undirbúningi ákvarðana fjármálaeftirlitsnefndar.

### **3. gr. Fundir fjármálaeftirlitsnefndar**

- 3.1. Fjármálaeftirlitsnefnd skal halda fundi að jafnaði tíu sinnum á ári, sbr. 2. mgr. 16. gr. sbl. Formaður nefndarinnar leggur í lok hvers árs fram verk- og fundaráætlun nefndarinnar fyrir næsta ár.
- 3.2. Fjármálaeftirlitsnefnd getur einnig haldið fund ef formaður ákveður eða ef þrír nefndarmenn krefjast þess.
- 3.3. Fjármálaeftirlitsnefnd er ályktunarhæf ef fjórir nefndarmenn sitja fund nefndarinnar. Það telst fullnægjandi mæting og þátttaka ef nefndarmenn taka þátt í fundum nefndarinnar í gegnum fjarfundarbúnað. Formaður nefndarinnar stýrir fundum og leggur fram dagskrá fundar.
- 3.4. Við töku ákvörðunar í meiri háttar málum skv. greinum 5.1. og 5.2. í starfsreglum þessum skal liggja fyrir minnisblað þar sem raktir eru málavextir, málsmeðferð og rökstudd tillaga að ákvörðun ásamt viðeigandi gögnum.
- 3.5. Seðlabankastjóri og varaseðlabankastjóri fjármálaeftirlits velja starfsmann Seðlabanka Íslands sem ritara fjármálaeftirlitsnefndar.
- 3.6. Ritari fjármálaeftirlitsnefndar undirbýr dagskrá hvers fundar að höfðu samráði við varaseðlabankastjóra fjármálaeftirlits eða seðlabankastjóra í þeim tilvikum sem hann er formaður nefndarinnar, situr fundi nefndarinnar og ritar fundargerð. Skrifstofa bankastjóra skal höfð með í ráðum. Seðlabankastjóri skal jafnan upplýstur fyrirfram um dagskrár funda sem hann situr ekki. Dagskrá fundar og önnur nauðsynleg fundargögn og málskjöl skulu að jafnaði send nefndarmönnum eða vera þeim aðgengileg a.m.k. fimm dögum fyrir boðaðan fund.
- 3.7. Aðrir starfsmenn Seðlabanka Íslands sitja fundi ef sérstaklega er óskað vegna mála sem eru til umfjöllunar á fundi eða samkvæmt ákvörðun formanns og skal þá bóka í fundargerð hvenær þeir koma inn á fund og hvenær þeir víkja af fundi.
- 3.8. Ákvarðanir fjármálaeftirlitsnefndar skulu teknar með einföldum meiri hluta, en falli atkvæði jöfn ræður atkvæði formanns. Atkvæðagreiðsla fer fram samkvæmt ákvörðun formanns. Formaður skal auk þess efna til atkvæðagreiðslu óski nefndar­maður eftir því.
- 3.9. Halda skal fundargerðir um það sem gerist á fundum fjármálaeftirlitsnefndar og skulu þær undirritaðar af þeim sem sitja fundinn. Fundargerðir skulu vistaðar í



skjalakerfi Seðlabanka Íslands ásamt framlögðum fundargögnum. Eftirfarandi upplýsingar skulu koma fram í fundargerð:

- fundardagsetning og fundartími (upphaf og endir);
- númer fundar;
- hverjir voru viðstaddir fundinn;
- bóka skal þegar utanaðkomandi aðilar koma inn á fundi og þegar þeir fara út af fundum;
- nafn fundarstjóra og fundarritara;
- fundargögn sem voru afhent eða lögð fram á fundinum;
- samantekt;
- skýr niðurstaða ákvarðana;
- umræður skal ekki bóka nema sérstök ástæða sé til og einstakir fundarmenn fari fram á það og
- bókanir sem einstakir fundarmenn óska um afstöðu sína.

3.10. Drög að fundargerð skulu send nefndarmönnum til yfirlestrar og samþykktar svo fljótt sem auðið er. Hafi fundarmenn athugasemdir við drögin skal þeim komið á framfæri við fundarritara. Fundargerðir eru að jafnaði endanlega samþykktar á fundi nefndarinnar og undirritaðar af nefndarmönnum. Fullgildar rafrænar undirritanir jafngilda eiginhandar undirritunum.

3.11. Fjármálaeftirlitsnefnd er heimilt að birta opinberlega ákvarðanir sínar. Þó skal ekki birta ákvörðun verði hún talin stefna hagsmunum fjármálamarkaðarins í hættu, varði hún ekki hagsmuni markaðarins sem slíks eða ef ætla má að birting hennar valdi hlutaðeigandi aðilum tjóni sem telst ekki í samræmi við tilefni ákvörðunarinnar. Um birtingu ákvarðana fer samkvæmt 2. mgr. 16. gr. sbl., sbr. 9. gr. a. laga nr. 87/1998 um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, og stefnu um gagnsæi í störfum Seðlabanka Íslands.

3.12. Formaður nefndarinnar getur, meti hann það svo vegna sérstakra aðstæðna, boðað til fjarfundar og lagt þar mál fyrir til ákvörðunar og mótttekið atkvæði í gegnum fjarfundarbúnað eða með tölvupósti. Nú þolir ákvörðun ekki bið og ráðrúm gefst ekki til að boða til fundar og er þá heimilt að óska með sannanlegum hætti eftir að nefndarmenn taki afstöðu til tillögu í atkvæðagreiðslu utan fundar og gilda þá ákvæði í grein 3.3 um ályktunarhæfi nefndarinnar. Ákvarðanir sem teknar eru með fyrrgreindum hætti skulu staðfestar á næsta fundi og færðar í fundargerð.

3.13. Fjármálaeftirlitsnefnd skal skila Alþingi skýrslu um störf sín einu sinni á ári.

#### **4. gr. Ákvarðanir fjármálaeftirlitsnefndar undir formennsku seðlabankastjóra**

- 4.1. Seðlabankastjóri skal taka sæti í fjármálaeftirlitsnefnd sem formaður nefndarinnar þegar eftirfarandi ákvarðanir eru teknar, sbr. 2. mgr. 15. gr. sbl.:
- 4.1.1. Ákvarðanir um setningu starfsreglna fjármálaeftirlitsnefndar, þ.m.t. vegna breytinga á þeim, og ákvarðana um framsal valds til varaseðlabankastjóra fjármálaeftirlits til töku ákvarðana sem teljast ekki meiri háttar ákvarðanir.
- 4.1.2. Eftirfarandi ákvarðanir sem varða könnunar- og matsferli fjármálafyrirtækja sem teljast kerfislega mikilvæg:
- 4.1.2.1. Krafa um hærri eiginfjárgrunn en sem nemur 8% af áhættugrunni, sbr. a-lið 4. mgr. 86. gr. g laga nr. 161/2002.
- 4.1.2.2. Niðurfærsla á eignum við útreikning á eiginfjárgrunni, sbr. d-lið 4. mgr. 86. gr. g laga nr. 161/2002.
- 4.1.2.3. Hömlur á eða takmörkun á starfsemi fjármálafyrirtækis eða, eftir því sem við á, með sölu eigna eða viðskiptaeininga sem skapa aukna áhættu, sbr. e-lið 4. mgr. 86. gr. g laga nr. 161/2002.
- 4.1.2.4. Sérstök krafa um að viðhalda lausu fé, þ.m.t. vegna misræmis í líftíma eigna og skuldbindinga fjármálafyrirtækis, sbr. j-lið 4. mgr. 86. gr. g laga nr. 161/2002.
- 4.1.3. Eftirfarandi ákvarðanir sem varða skilameðferð kerfislega mikilvægra lána- stofnana og verðbréfafyrirtækja:
- 4.1.3.1. Ákvörðun um hvort fyrirtæki eða samstæða sé rekstrarhæf, sbr. 2. mgr. 4. gr. laga nr. 70/2020 um skilameðferð lánastofnana og verðbréfafyrirtækja.
- 4.1.3.2. Ákvörðun um hvort fyrirtæki sé á fallanda fæti, sbr. 2. mgr. 4. gr. laga nr. 70/2020.
- 4.1.4. Ákvarðanir í öðrum málum sem varða eigið fé, laust fé og fjármögnun kerfislega mikilvægra fjármálafyrirtækja og teljast sérstaklega þýðingarmikil eða hafa fordæmisgildi.

#### **5. gr. Ákvarðanir fjármálaeftirlitsnefndar undir formennsku varaseðlabankastjóra fjármálaeftirlits og framsal valds**

- 5.1. Meiri háttar ákvarðanir sem teknar skulu af fjármálaeftirlitsnefnd eru eftirfarandi:
- 5.1.1. Veiting starfsleyfis til fjármálafyrirtækis eða váttryggingafélags sem sótt hefur um starfsleyfi skv. 1.-3. tölul. 1. mgr. 4. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki eða 17. gr. laga nr. 100/2016 um váttryggingastarfsemi.

- 5.1.2. Synjun um eða afturköllun starfsleyfis eftirlitsskylds aðila eða samþykkt til- lögu um veitingu, synjun á umsókn eða afturköllun slíks starfsleyfis í þeim tilvikum þar sem veiting þess er hjá öðrum en Fjármálaeftirlitinu.
- 5.1.3. Ákvörðun um hvort tiltekin starfsemi sé starfsleyfisskyld, þegar vafi leikur á að svo sé, sbr. 2. gr. laga nr. 87/1998 um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi.
- 5.1.4. Frávikning stjórnarmanns eða framkvæmdastjóra eftirlitsskylds aðila á grundvelli 4. mgr. 10. gr. laga nr. 87/1998.
- 5.1.5. Mat á hæfi aðila til að fara með virkan eignarhlut í kerfislega mikilvægu fjármálafyrirtæki skv. 42. gr. laga nr. 161/2002.
- 5.1.6. Höfðun dómsmáls, áfrýjun eða kæra niðurstöðu dómsmáls til æðri dómstóls.
- 5.1.7. Kæra til lögreglu vegna brota gegn þeim lögum sem Fjármálaeftirlitinu er falið að hafa eftirlit með, enda sé talið að um meiri háttar brot sé að ræða.
- 5.1.8. Beiting dagsekta skv. 1. mgr. 11. gr. laga nr. 87/1998 í öðrum málum en vegna reglubundinna skýrsluskila eftirlitsskyldra aðila.
- 5.1.9. Beiting févítis skv. 4. mgr. 11. gr. laga nr. 87/1998.
- 5.1.10. Álagning stjórnvaldssekta samkvæmt heimild í sérlögum.
- 5.1.11. Efnisleg umfjöllun og tillaga um að gefin verði út opinberlega stjórnvaldsfyrirmæli (reglur) á fjármálamarkaði.
- 5.1.12. Eftirfarandi ákvarðanir sem varða könnunar- og matsferli fjármálafyrirtækja sem ekki teljast kerfislega mikilvæg:
  - 5.1.12.1. Krafa um hærri eiginfjárgrunn en sem nemur 8% af áhættugrunni, sbr. a-lið 4. mgr. 86. gr. g laga nr. 161/2002.
  - 5.1.12.2. Niðurfærsla á eignum við útreikning á eiginfjárgrunni, sbr. d-lið 4. mgr. 86. gr. g laga nr. 161/2002.
  - 5.1.12.3. Hömlur á eða takmörkun á starfsemi fjármálafyrirtækis eða, eftir því sem við á, með sölu eigna eða viðskiptaæininga sem skapa aukna áhættu, sbr. e-lið 4. mgr. 86. gr. g laga nr. 161/2002.
  - 5.1.12.4. Sérstök krafa um að viðhalda lausu fé, þ.m.t. vegna misræmis í líftíma eigna og skuldbindinga fjármálafyrirtækis, sbr. j-lið 4. mgr. 86. gr. g laga nr. 161/2002.
- 5.1.13. Eftirfarandi ákvarðanir sem varða skilameðferð lánastofnana og verðbréfa- fyrirtækja sem ekki teljast kerfislega mikilvæg:
  - 5.1.13.1. Ákvörðun um hvort fyrirtæki eða samstæða sé rekstrarhæf, sbr. 2. mgr. 4. gr. laga nr. 70/2020 um skilameðferð lánastofnana og verðbréfa- fyrirtækja.
  - 5.1.13.2. Ákvörðun um hvort fyrirtæki sé á fallanda fæti, sbr. 2. mgr. 4. gr. laga nr. 70/2020.

- 5.1.14. Afstaða nefndarinnar þegar leitað er samráðs við töku ákvörðunar um skila-  
áætlun og skilabærni, um lágmarkskröfu um eiginfjárgrunn og hæfar skuld-  
bindingar og við töku ákvörðunar um mat á áætlun um endurskipulagningu  
rekstrar, sbr. 3. mgr. 4. gr. laga nr. 70/2020.
- 5.2. Þá tekur fjármálaeftirlitsnefnd ákvarðanir í öðrum málum, sem ekki eru taldar upp  
í grein 5.1. í starfsreglum þessum, og teljast sérstaklega þýðingarmikil eða hafa for-  
dæmisgildi.
- 5.3. Fjármálaeftirlitsnefnd framselur til varaseðlabankastjóra fjármálaeftirlits vald sitt  
til töku ákvarðana sem ekki teljast meiri háttar skv. grein 5.1. og sem teljast ekki  
sérstaklega þýðingarmiklar eða hafa fordæmisgildi skv. grein 5.2.

## **6. gr. Hæfi nefndarmanna**

- 6.1. Um hæfi nefndarmanna gilda lög nr. 92/2019 um Seðlabanka Íslands og ákvæði  
stjórnsýslulaga nr. 37/1993.
- 6.2. Nefndarmenn skulu í hvívetna gæta að hæfi sínu við umfjöllun einstakra mála.  
Nefndarmönnum er skylt að upplýsa um atvik sem geta valdið vanhæfi þeirra og  
skulu þeir gera það um leið og slík mál koma upp. Ef vafi leikur á um hæfi nefndar-  
manns tekur fjármálaeftirlitsnefnd ákvörðun um hvort hann skuli víkja sæti vegna  
vanhæfis.
- 6.3. Sé nefndarmaður vanhæfur skal viðkomandi ekki taka þátt í meðferð þess máls að  
neinu leyti og skal ekki hafa aðgang að gögnum eða vera viðstaddur umræður eða  
ákvarðanatöku á fundinum. Bóka skal í fundargerð að hluteigandi hafi vikið sæti.
- 6.4. Ef enginn nefndarmaður hefur vakið athygli á mögulegu vanhæfi sínu til að taka  
ákvörðun um einstök mál sem eru til meðferðar á fundi nefndarinnar, skal formaður  
nefndarinnar taka það fram í upphafi fundar og jafnframt skal það bókað í fundar-  
gerð.
- 6.5. Um viðskipti nefndarmanna við eftirlitsskylda aðila gilda ákvæði reglna þar um, nú  
reglna frá 23. mars 2020 nr. 303/2020.

## **7. gr. Þagnar- og trúnaðarskylda**

- 7.1. Nefndarmenn, starfsmenn og aðrir gestir funda nefndarinnar eru bundnir þagnar-  
skyldu um allt það sem varðar hagi viðskiptamanna bankans, viðskipti og rekstur  
eftirlitsskyldra aðila, tengdra aðila eða annarra og málefni bankans sjálfs, svo og  
um önnur atriði sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu eða fram koma á fundum

nefndarinnar og leynt skulu fara samkvæmt lögum eða eðli máls, nema dómari úrskurði að upplýsingar sé skylt að veita fyrir dómi eða til lögreglu eða skylt sé að veita upplýsingar lögum samkvæmt. Sama gildir um sérfræðinga, verktaka og aðra sem starfa fyrir eða á vegum fjármálaeftirlitsnefndar. Þagnarskyldan helst þótt látið sé af starfi.

- 7.2. Nefndarmönnum, starfsmönnum eða öðrum gestum funda nefndarinnar er óheimilt að nýta sér trúnaðarupplýsingar sem þeir komast yfir vegna starfs síns í bankanum eða fundarsetu á fundi nefndarinnar, þar á meðal í þeim tilgangi að hagnast eða forðast fjárhagslegt tjón í viðskiptum.
- 7.3. Um meðferð nefndarmanna á innherjaupplýsingum og viðskiptum innherja gilda ákvæði reglna um meðferð innherjaupplýsinga og viðskipti innherja nr. 1050/2012 sem Fjármálaeftirlitið setti á grundvelli 132. gr. laga nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti, sbr. 2. mgr. 130. gr. sömu laga.

## **8. gr. Undirritun, breytingar, gildistaka o.fl.**

- 8.1. Ákvörðun um setningu starfsreglna þessara skal tekin á fundi fjármálaeftirlitsnefndar og undirritaðar af nefndarmönnum við samþykki þeirra.
- 8.2. Ákvörðun um breytingu á starfsreglum fjármálaeftirlitsnefndar er tekin á fundi nefndarinnar. Hver nefndarmaður getur lagt fram skriflega tillögu um breytingar til nefndarinnar og óskað eftir að tillagan verði sett á dagskrá næsta fundar fjármálaeftirlitsnefndar.
- 8.3. Þessar starfsreglur hafa verið settar af fjármálaeftirlitsnefnd, sbr. 2. mgr. 16. gr. sbl., og staðfestar af bankaráði Seðlabanka Íslands á fundi bankaráðs 23. september 2020, sbr. c-lið 1. mgr. 8. gr. sömu laga. Starfsreglurnar taka gildi við undirritun fjármálaeftirlitsnefndar hinn 6. október 2020 og falla þá úr gildi starfsreglur nefndarinnar frá 3. janúar 2020 með áorðnum breytingum.
- 8.4. Birta skal starfsreglur fjármálaeftirlitsnefndar á vefsíðu Seðlabanka Íslands.



## Yfirlýsing fjármálaeftirlitsnefndar um áherslur í fjármálaeftirliti á tímum kórónuveirufaraldurs

8. apríl 2020

Seðlabanki Íslands hefur gripið til víðtækra aðgerða til að gera fjármálakerfinu kleift að styðja með kröftugum hætti við heimilin og fyrirtækin í landinu. Stýrivextir hafa verið lækkaðir verulega sem og bindiskylda, heildarkrafa um eiginfjárgrunn fjármálafyrirtækja lækkuð með afléttingu sveiflujöfnunarauka og tryggt að nægt lausafé sé í umferð. Seðlabankinn hefur og ítrekað lýst því yfir að hann sé sterkur og virkur bakhjarl fjármálakerfisins við þessar aðstæður.

Fjármálaeftirlitsnefnd Seðlabanka Íslands mun í störfum sínum styðja við framkomnar aðgerðir stjórnvalda gagnvart fyrirtækjum og heimilum eins og kostur er.

### Almennt

Nauðsynlegt er að Fjármálaeftirlit Seðlabanka Íslands (Fjármálaeftirlitið) fái áfram reglulegar skýrslur frá eftirlitsskyldum aðilum til að leggja mat á stöðu þeirra og þann vanda sem þeir glíma við eða áhættu sem þeir standa frammi fyrir. Fjármálaeftirlitið er þó tilbúið að veita slaka varðandi tímafresti slíkra skila og býður eftirlitsskyldum aðilum að hafa samband við tengiliði sína innan eftirlitsins ef þörf verður á slíku. Rétt er að taka fram að eftir sem áður verður kallað eftir öllum þeim gögnum sem eru nauðsynleg fyrir Seðlabankann til að meta og bregðast við stöðunni. Leitast verður við eftir megni að nýta gögn sem eftirlitsskyldir aðilar styðjast sjálfir við í sínum greiningum, enda er þess vænst að eftirlitsskyldir aðilar hafi aukið tíðni eigin greininga og miðlun upplýsinga til stjórnenda.

Þá mun Fjármálaeftirlitið í eftirlitsaðgerðum sínum leitast við að taka tillit til þeirra eftirlitsskyldu aðila eða einstakra eininga þeirra sem þurfa að einbeita sér að því að bregðast við aðsteðjandi rekstrarvanda vegna COVID-19 faraldursins.

Vert er að vekja athygli á því að óvissan gæti leitt til aukningar á peningabætti, svikum og öðrum efnahagsbrotum. Breyttar aðstæður vegna COVID-19, svo sem lokun bankaútibúa, fjarvinna starfsfólks og hraðar verðbreytingar á mörkuðum, geta orðið til þess að þeir sem stunda þessar tegundir afbrota finni sér nýjar leiðir. Því vill Fjármálaeftirlitið benda eftirlitsskyldum aðilum á að halda vöku sinni gagnvart peningabætti og öðrum afbrotum og láta ekki hjá líða að tilkynna grunsamleg viðskipti til lögreglu.

## Heilbrigðir og eðlilegir viðskiptahættir

Fjármálaeftirlitið hefur eftirlit með viðskiptaháttum eftirlitsskyldra aðila sem snúa að fjárfestum og neytendum fjármálaþjónustu og sinnir upplýsinga- og leiðbeiningarþjónustu gagnvart þeim. Nú sem endranær er brýnt að gæta að heilbrigðum og eðlilegum viðskiptaháttum, sjá til þess að aðilar starfi á heiðarlegan og réttlátan hátt og annist viðskipti af fagmennsku og kostgæfni með hagsmuni viðskiptavina og trúverðugleika fjármálamarkaðarins að leiðarljósi. Vegna lokunar starfsstöðva fyrirtækja, sem veita ýmis konar fjármálaþjónustu, hefur þjónustan á skömmum tíma færst nær alfarið yfir í síma og rafrænar lausnir. Við slíkar aðstæður er mikilvægt að vanda aðstoð og leiðbeiningar til viðskiptavina sem eiga erfitt með eða eru óvanir að nýta sér slíkar lausnir.

Upplýsingar um helstu atriði sem brenna á neytendum varðandi viðskiptahætti og neytendavernd er að finna á sérstakri COVID-19 upplýsingasíðu Seðlabankans.

## Bankar og aðrar lánastofnanir

Bankar og aðrar lánastofnanir gegna mikilvægu hlutverki við miðlun fjármagns og reynir á það við núverandi aðstæður. Þess er vænst að bankar taki virkan þátt í aðgerðum stjórnvalda sem miða að því að tryggja að þeir haldi áfram að lána til viðskiptavina og endurskipuleggja lífvænleg fyrirtæki. Fjármálaeftirlitsnefnd leggur áherslu á þá grundvallarreglu varúðar og reikningssskila að áhætta sé rétt metin í efnahag lánastofnana, bæði til skemmri og lengri tíma. Fjármálaeftirlitið mun beita almennum tímabundnum tilslökunum, t.d. með því að heimila að flokka megi fryst íbúðalán sem það sé í skilum ef lánastofnun telur að lántaki sé líklegur til að standa í skilum eftir að frystingu er létt. Fjármálaeftirlitið mun koma á framfæri nánari leiðbeiningum um flokkun og merkingu lána. Sú krafa verður eftir sem áður gerð til lánastofnana að þær meti lánshæfi og greiðslugetu lántaka eftir að þessu tímabundna ástandi linnir.

Fjármálaeftirlitsnefnd styður yfirlýsingu Evrópsku bankaftirlitsstofnunarinnar (European Banking Authority, EBA) frá 25. mars 2020 um beitingu varfærnisreglna vegna vanskila, skuldaívilnana og IFRS9-reikningssskilastaðalsins í ljósi COVID-19 aðgerða og bendir lánastofnunum á að hafa hana til hliðsjónar. Í henni kemur m.a. fram að ekki þurfi sjálfkrafa að flokka þau lán sem hlotið hafa tilslökun í almennum aðgerðum vegna COVID-19 sem lán með ívilnun (e. forbearance). Megininntak reglna á þessu sviði er að leggja skuli mat á slíka flokkun í sérhverju tilfalli. Að sama skapi þarf að meta hvort lántaki sé ólíklegur til að standa við skuldbindingar sínar (e. unlikely to pay) vegna hugsanlegrar vanefndaflökkunar. Að því er varðar banka sem gera ársreikninga samkvæmt alþjóðlegum reikningssskilastöðlum er mikilvægt að lagt sé mat á hvort útlánaáhætta hafi aukist verulega frá upphaflegri skráningu (flutningur yfir á stig 2), annað hvort á lánþegagrunni eða lánasafnsgrunni (e. collective). Mikilvægt er að val á sviðsmyndum við beitingu IFRS9 endurspegli að

hér verður væntanlega um tímabundið ástand að ræða en meta þarf áhrifin til meðallangs og langs tíma. Staðallinn veitir ákveðið svigrúm og er brýnt að lánastofnanir nýti sér það, þannig að snögg og mikil breyting á varúðarfærslum milli tímabila verði ekki til að draga úr lánveitingum og magna þannig niðursveiflu í hagkerfinu.

Nú stendur yfir árlegt könnunar- og matsferli hjá kerfislega mikilvægum bönkum (SREP). Í ljósi yfirstandandi erfiðleika munu endanlegar ákvarðanir um eiginfjárbörf væntanlega miðast við uppgjör síðar á árinu fremur en árslok 2019. Þá verður ekki framkvæmt hefðbundið álagspróf í tengslum við yfirstandandi SREP-ferli að svo stöddu.

Með afléttingu sveiflujöfnunarauka var komið til móts við fjármálafyrirtæki með ívilnandi hætti til hagsbóta fyrir fyrirtæki og heimili í landinu. Þurfi fjármálafyrirtæki engu að síður að ganga á eigið fé vill fjármálaeftirlitsnefnd minna á að lög gera ráð fyrir, að sé gengið á eiginfjáruka takmarkist heimildir þess til að greiða út arð eða kaupauka til starfsmanna eða framkvæma aðrar þær greiðslur eða aðgerðir sem hafa áhrif til lækkunar á eiginfjárgrunni. Fjármálaeftirlitið getur einnig takmarkað slíkar útgreiðslur að öllu leyti séu tiltekin skilyrði laga uppfyllt.

Fjármálaeftirlitsnefnd vill jafnframt taka undir yfirlýsingu Evrópsku bankaeftirlitsstofnunarinnar frá 31. mars 2020 um arðgreiðslur, endurkaup á eigin hlutabréfum og breytilegar launagreiðslur. Í henni hvetur EBA fjármálafyrirtæki til hófsemi og til að greiða ekki arð eða kaupa eigin hlutabréf í því skyni að viðhalda sterkri eiginfjárstöðu. Einnig ættu fjármálafyrirtæki að endurskoða starfskjarastefnu sína m.a. með hliðsjón af núverandi efnahagsaðstæðum.

## **Verðbréfamarkaður og sjóðir**

Vegna mikilla lækkana og sveiflna á verðbréfamarkaði hefur markaðseftirlit Fjármálaeftirlitsins að undanfögnu lagt aukna áherslu á eftirlit með mögulegum markaðssvikum (innherjasvikum og markaðsmisnotkun), veðköllum og hegðun á markaði, umfangi skortsölu, upplýsingaskyldu útgefanda og stöðvun viðskipta. Þá er grannt fylgst með innlausnum í verðbréfa- og fjárfestingasjóðum og kallað hefur verið eftir daglegri upplýsingagjöf um innlausnir frá stærstu rekstarfélögum sjóða hér á landi.

Rétt er að vekja athygli á ákvörðun Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar (European Securities and Markets Authority, ESMA) og Eftirlitsstofnunar EFTA (EFTA Surveillance Authority, ESA) um að þröskuldur vegna tilkynninga um skortstöður í skráðum hlutabréfum skyldi lækkaður úr 0,2% í 0,1% af útgefnu hlutafé. Birt var tilkynning vegna þessa á heimasíðu Seðlabankans 16. mars sl. Jafnframt er vakin athygli á tilkynningu ESMA sem var birt 12. mars sl., en þar var m.a. mælt með að aðilar á verðbréfamarkaði gripu til ráðstafana til að tryggja samfellu í rekstri og fylgdu kröfum um áhættustýringu vegna áhrifa af COVID-19.



## Lífeyrissjóðir

Helsta óvissan í starfsemi lífeyrissjóða tengist stöðu og horfum á fjármálamörkuðum og áhrifum þeirra á eignasafn lífeyrissjóðanna til lengri tíma. Varanleg verðlækkun á eignamörkuðum getur haft áhrif á tryggingafræðilega stöðu lífeyrissjóða og Fjármálaeftirlitið fylgist náið með framþróuninni.

Lög nr. 25/2020 um breytingu á ýmsum lögum til að mæta efnahagslegum áhrifum heimsfaraldurs kórónuveiru fela m.a. í sér að einstaklingum er veitt heimild til að taka út séreignarsparnað yfir 15 mánaða tímabil. Lífeyrissjóðir og aðrir vörsluaðilar séreignarsparnaðar þurfa að tryggja laust fé til þess að mæta auknum úttektarheimildum og meta áhrif á lausafjárstöðu hjá séreignarleiðum sjóðanna. Ef úttektir séreignarsparnaðar verða þannig að ekki er unnt að tryggja jafnræði milli sjóðfélaga er vörsluaðilum heimilt að fresta útgreiðslum, að uppfylltum ákveðnum skilyrðum og að fengnu samþykki Fjármálaeftirlitsins.

Útlán fasteignaveðtryggðra lána eru talsverður þáttur í fjárfestingum lífeyrissjóðanna og þjónustu við sjóðfélaga. Við núverandi aðstæður ber lífeyrissjóðum eftir sem áður að meta lánshæfi og greiðslugetu sjóðfélaga, þar sem meðal annars þarf að taka ákvarðanir um frestun afborgana og skilmálabreytingar. Fjármálaeftirlitsnefnd telur því tilefni til að lífeyrissjóðirnir leggi mat á hvort nógildandi lánareglur þeirra séu viðeigandi í ríkjandi árferði og endurskoði þær eftir atvikum.

## Vátryggingastarfsemi

Margvíslegar áskoranir steðja að vátryggingafélögum vegna COVID-19 og þeirrar stöðu sem uppi er á fjármálamörkuðum. Vegna óvissu um áhrif bæði til skemmri og lengri tíma leggur fjármálaeftirlitsnefnd áherslu á að fyllstu varúðar sé gætt gagnvart áhættum í rekstri og að risk í þjónustu við viðskiptavinum verði takmarkað. Jafnframt hefur Fjármálaeftirlitið hvatt vátryggingafélög til þess að grípa til viðeigandi ráðstafana til að styrkja viðnámsþrótt sinn. Talsvert hefur reynt á samskipti vátryggjenda við viðskiptavinum vegna ferðatrygginga að undanförunu en félögin hafa sett saman sérstakar upplýsingasíður á vefsíðum sínum til þess að miðla helstu upplýsingum um ferðatryggingar og gildissvið þeirra. Fjármálaeftirlitsnefnd áréttar mikilvægi ábyrgrar meðhöndlunar viðskiptavina og skilvirkrar afgreiðslu vátryggingakrafna. Þá er vakin athygli á yfirlýsingu Evrópsku lífeyris- og vátryggingaeftirlitsstofnunarinnar (European Insurance and Occupational Pensions Authority, EIOPA) frá 2. apríl 2020 varðandi arðgreiðslur vátryggingafélaga og endurkaup á eigin bréfum. Í yfirlýsingunni er mælt til þess að vátryggingafélög fresti tímabundið öllum arðgreiðslum og endurkaupum á eigin bréfum vegna þeirrar óvissu sem ríkir vegna COVID-19.

## Yfirlýsing fjármálaeftirlitsnefndar Seðlabanka Íslands um mat á áhættuþáttum í starfsemi fjármálafyrirtækja

Fjármálaeftirlit Seðlabanka Íslands (Fjármálaeftirlitið) leggur mat á helstu áhættuþætti sem felast í starfsemi fjármálafyrirtækja í svonefndu könnunar- og matsferli (e. supervisory review and evaluation process, SREP-ferli). Kveðið er á um ferlið í lögum nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki. Ferlið er árlegt í tilviki kerfislega mikilvægu bankanna þriggja, Arion banka hf., Íslandsbanka hf. og Landsbankans hf., en á tveggja til þriggja ára fresti í tilviki annarra fjármálafyrirtækja.

SREP-ferli kerfislega mikilvægu bankanna þriggja var þegar hafið þegar COVID-19 farsóttin barst til landsins í mars sl. Farsóttin og margvíslegar sóttvarnaraðgerðir sem grípa þurfti til hér á landi hafa breytt rekstrarlegum forsendum banka og margra annarra fjármálafyrirtækja. Jafnframt hefur óvissa um framvindu efnahagsmála aukist mjög sem veldur því að óvenju erfitt er að meta gæði eigna og aðra áhættuþætti í starfsemi banka. Ekki eru horfur á að staðan skýrist að marki fyrir en eftir nokkra mánuði.

Í yfirlýsingu fjármálaeftirlitsnefndar frá 8. apríl sl. segir um SREP-ferlið: „Nú stendur yfir árlegt könnunar- og matsferli hjá kerfislega mikilvægum bönkum (SREP). Í ljósi yfirstandandi erfiðleika munu endanlegar ákvarðanir um eiginfjárþörf væntanlega miðast við uppgjör síðar á árinu fremur en árslok 2019. Þá verður ekki framkvæmt hefðbundið álagspróf í tengslum við yfirstandandi SREP-ferli að svo stöddu.“

Fjármálaeftirlitsnefnd hefur nú ákveðið að niðurstaða úr SREP-ferli 2019 um viðbótarkröfu um eiginfjárgrunn (stoð II-R) skuli standa óbreytt. Fylgst verður grannt með þróun helstu áhættuþátta í starfsemi bankanna á næstu mánuðum. Ef ástæða þykir til, verður viðbótarkrafan endurskoðuð, þó ekki síðar en í SREP-ferli 2021.

Auk mats á nauðsyn viðbótarkröfu um eiginfjárgrunn er í SREP-ferlinu farið yfir atriði eins og lífvænleika og sjálfbærni viðskiptalíkans, stjórnarhætti, rekstraráhættu og stýringu bankans á útlánaáhættu, samþjöppunaráhættu, markaðs- og fastvaxtaáhættu og lausafjár- og fjármögnunaráhættu. Þó svo að nú hafi verið ákveðið að viðbótarkrafa um eiginfjárgrunn standi óbreytt, mun ábendingum og athugasemdum er varða fyrrnefnd atriði verða komið á framfæri við bankana eftir því sem ástæða er til.

Ráðgert er að næsta reglulega SREP-ferli fyrir kerfislega mikilvægu bankana þrjá hefjist seint á þessu ári.

